



Hvar.is	Á vefnum Hvar.is er landsaðgangur að rafrænum gagnasöfnum og tímaritum og veitir öllum sem tengjast netinu um íslenskar netveitur aðgang að heildartexta greina fjölda tímarita og útdráttum greina.	
Leitir.is	Leitir.is veitir aðgang að fjölbreyttu vísinda-, fræðslu- og afþreyingarefni. Vefurinn veitir upplýsingar um bækur, hljóðbækur rafbækur, tímarit, tímaritsgreinar, ljósmyndir, myndefni, tónlist, hljóðrit, nótur, skýrslur og lokaverkefni háskólanema. Hluti gagnanna er í rafrænum aðgangi.	
Google	Öflug leitarsíða. Gmail, Google Docs. YouTube. Þýðingar úr ótal tungumálum og margt fleira	
Wikipedia	Wikipedia er fjöltyngdur og frjáls alfræðivefur á vegum Wikimedia-stofnunarinnar sem allir geta breytt. Nafnið Wikipedia er samsetning orðanna <i>wiki</i> (havaíska: snögg) og <i>encyclopedia</i> (e. alfræðirit).	
Snara	Snara er öflug orðabók á Netinu. Þýður upp á íslensku, ensku, dönsku, þýsku, spænsku, frönsku, ítölsku og aðgang að matreiðslubókum með meiru. Kaupa þarf aðgang að snöru. Ýmsir skólar bjóða frían aðgang.	
Vísinda-vefurinn	Vísindavefurinn fjallar um öll vísindi, hverju nafni sem nefnast, allt frá stjórnufræði til handrita og frá sameindalíffræði til sálarfræði.	
Íslendinga-bók	Íslendingabók er heilsteypt skrá á tölvutæku formi yfir ættir nær allra Íslendinga sem heimildir eru til um. Íslendingabók er eini ættfræðigrunnurinn í heiminum sem nær til heillar þjóðar.	
doodle.com	Auðveld leið til að ákveða dagsetningar, staði, finna besta tímamann þegar allir geta mætt o.fl. Doodle er endurgjaldslaust	
Skrambi	Skrambi er íslenskt yfirlestrarforrit sem unnið er í samstarfi við Árnastofnun. Notendur geta límt inn texta eða skrifað beint á síðuna til að nýta sér villuleitina. Einnig er hægt að líma inn texta og láta talgervilinn Ivona lesa upphátt svo hægt sé að staðsetja villur. Forritið er í þróun.	
weebly – Myndskeið	weebly er mjög notendavænt og öflugt verkfæri sem hentar vel bæði fyrir nemendur og kennara sem vilja búa til vef með lítilli fyrirhöfn og án kostnaðar.	
Kahoot! – Myndskeið	Kahoot er vefsíða sem býður upp á gagnvirkar umræður, kannanir, próf o.fl. á þægilegan og aðgengilegan hátt. Stjórnandi stofnar aðgang sem er endurgjaldslaus.	
<p>Í prófum eru samdar spurningar og fjórir svarmöguleikar settir inn, þar af er einn þeirra réttur. Nemendur geta einnig samið sjálfir spurningar og svör. Þegar prófið er tilbúið er það sett af stað og stjórnandinn fær lykilorð inn á það (Game Pin). Nemendur geta síðan farið inn á síðuna í snjalltæki (síma, tölvu, spjaldtölvu) og slegið inn lykilorðið, skráð nafnið sitt. Þá opnast prófið og á skjánum birtast fjórir reitir fyrir svarmöguleikana í mismunandi litum. Á skjá stjórnandans, sem varpað er upp á skjá, birtist spurningin, svarmöguleikarnir og svo niðurstöður. Því sneggrí sem þátttakandinn er að velja því fleiri stig fær hann.</p> <p>Niðurstöður koma í stöplaformi eftir hverja spurningu (hversu margir völdu hvern svarmöguleika), rétt svar og svo fimm stigahæstu þátttakendur. Í lokin er stigahæsti þátttakandinn sigurvegari. Hægt er að hlaða niðurstöðum niður, t.d. ef notast á við þær í námsmati og einnig deila þeim. Kahoot er notendavænt og fljótlegt og þægilegt í notkun.</p>		
Dropbox – Myndskeið	Dropbox er forrit sem heldur utan um skrár af hvaða tagi sem er. Hægt er að nálgast gögnin hvar sem er í heiminum. Hægt að nota í Windows, Mac Os og Linux. Dropbox er endurgjaldslaust.	
Podio – Myndskeið	Podio er félagslegur vettvangur á netinu sem minnir um margt á Facebook en er þó sérstaklega sniðinn að verkefnastjórnun og atvinnulífinu. Podio er endurgjaldslaust.	
Etherpad – Myndskeið	Etherpad er mjög einfalt samvinnutól á netinu þar sem margir geta unnið í sama skjalinu samtímis. Etherpad er endurgjaldslaust.	
Trello – Myndskeið	Trello er netlægt verkfæri og hentar mjög vel til verkefnastjórnunar í litlum og meðalstórum teyllum þar sem skipulag og samvinna er mikilvæg. Trello er endurgjaldslaust.	
Zoomit – Myndskeið	ZoomIt er handhægur ókeypis hugbúnaður fyrir þá sem nota tölvu með Windows stýrikerfi til kynninga eða kennslu á hugbúnaði eða vefbundinni þjónustu. ZoomIt stækkar allt sem birtist á skjánum og gerir notanda að auki kleift að skrifa og teikna yfir skjámyndina til frekari útskýringar. Forritið er ein keyrsluskrá (sótt á zip-sniði) og til að virkja það þarf að tvísmella á skrána. Leiðbeiningar	